

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/1255*  
*komudagur 16.1.2013*



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. janúar 2013

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/2010, um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi, 502. mál.**

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp. Með frumvarpinu er lagt til að heimildir til beins fjárstuðnings til fjárfestingaverkefna verði afnumdar. Þess í stað eru aðrar heimildir til ívilnana rýmkaðar í fjórum liðum.

Samtök atvinnulífsins hafa lagt höfuðáherslu á nauðsyn aukinnar fjárfestingar, einkum erlendra fjárfestingar, til að fjölga störfum og auka verðmætasköpun í landinu. Þær heimildir um ívilnanir sem í lögum er að finna eru langt undir þeim viðmiðum sem heimil eru skv. EES-samningnum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að felldir verði niður fjárfestingarstyrkir þar sem ekki hafi verið veitt fjárframlög á fjárlögum til slíkra styrkja. Oftar en ekki hefjast framkvæmdir ekki fyrr en þó nokkru eftir að samningar eru gerðir. Framkvæmdum fylgja alla jafnan verulegar tekjur bæði fyrir ríki og sveitarfélög. Í nágildandi lögum er einnig að finna ákvæði um heimild til þjálfunarstyrkja en ekki er gert ráð fyrir að þær heimildir verði felldar niður þótt ekki sé gert ráð fyrir þeim á fjárlögum ársins 2013. Samtökin telja rök í greinargerð með frumvarpinu um nauðsyn þess að fella niður heimild til fjárfestingarstyrkja ósannfærandi.

Lög nr. 99/2010 gilda einungis til ársloka 2013. Samtökin leggja áherslu á að nú þegar verði hafist handa við heildarendurskoðun á löggjöfinni í ljósi þeirrar reynslu sem af henni hefur hlotist og með tilliti til stefnumótunar í þingsályktun um beina erlenda fjárfestingu sem samþykkt var á Alþingi 11. júní 2012. Þar var ákveðið að ráðherra legði fyrir Alþingi „*tímasetta áætlun um aðgerðir til að bæta samkeppnisstöðu Íslands og efla markaðs- og kynningarstarf í því skyni. Þá verði mótaðar tillögur um samhæfða stjórnsýslu til að styðja við framangreind markmið.*“ Þessi áætlun og tillaga hefur enn ekki litið dagsins ljós.

Samtökin telja óheppilegt að margoft sé verið að breyta lögum um ívilnanir vegna nýfjárfestinga og að nauðsynlegt sé að um þetta gildi ákveðnar og skýrar reglur.

Samtökin leggjast því gegn samþykkt þessa frumvarps og leggja til að fyrst komi fram þingsályktunartillagan sem getið er að ofan og síðan verði beðið heildarendurskoðunar laganna sem ljúka hlýtur á árinu.

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri